

Leikskólinn Sólvellir Grundarfirði



Mat á starfsáætlun
Skólaárið 2022-2023

Vinátta-Virðing-Vinsemd

Efnisyfirlit

Starfsáætlun	2
Um leikskólann	3
Gerð leikskóla	3
Lög um leikskóla	3
Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:	3
Aðalnámskrá leikskóla	3
Stefna og uppeldislegar áherslur	4
Einkunnarorð	4
Skólasýn	4
Stoð- og sérfræðipjónusta	5
Tölulegar upplýsingar	5
Fjöldi barna	5
Starfsfólk	5
Starfsmannastefna	6
Móttaka nýliða	6
Viðmið um mönnun	6
Starfsþróunaráætlun	7
Starfsþróunarsamtöl	7
Fundir og faglegar áherslur á skólaárinu	8
Mat á skólastarfi	9
Mat á námi og velferð barna	9
Mötuneyti	10
Viðburðir	10
Fréttabréf og heimasíða	10
Foreldraráð	10
Stjórn foreldraráðs 2022 – 2023:	11
Foreldrahandbók	11
Samstarf við grenndarsamfélag	11
Samstarf Sólvala og Eldhamra	11
Heilsugæslustöð	11
Öryggismál	11
Öryggisnefnd	12
Skóladagatal	12
Sérstakir dagar	12
Lokaorð	13
Umsögn foreldraráðs	14

Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Í samræmi við 14. gr. laga um leikskóla frá árinu 2008 skal árlega gefa út starfsáætlun leikskóla. Í starfsáætlun er fjallað um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysamála eftir því sem við á.

Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skólanefnd tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Í lok hvers skólaárs gera stjórnendur mat á starfsáætlun liðins skólaárs með það í huga hvernig gekk miðað við það sem lagt var upp með. Á heimasíðu leikskólans er að finna mat á starfsáætlun síðasta skólaárs en einnig er gerð grein fyrir því mati í innra matsskýrslu sem er á heimasíðu skólans.

Um leikskólann

Gerð leikskóla

Leikskólinn er staðsettur í Grundarfirði og rekinn af sveitarfélaginu.

Heimilisfang leikskólans er Sólvellir 1.

Skólastjóri leikskólans er faglegur leiðtogi og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri leikskólans og starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólastjóra.

Leikskólastjóri er Margrét Sif Sævarsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Ingibjörg E. Þórarinsdóttir.

Lög um leikskóla

Leikskólinn Sólvellir starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn að skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Foreldrar, samkvæmt lögum þessum, teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í gegnum leik og í skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildum.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að huga að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að viðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.¹

Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla var endurskoðuð og endurútgefin árið 2011 og ber leikskólum að starfa samkvæmt henni. Hver leikskóli gerir skólanámskrá og mótar sér stefnu sem allt starfsfólk vinnur eftir. Aðalnámskrá leikskóla er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar taka mið af henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Leikskólar vinna sína skólanámskrá sem síðan þarf að meta og endurskoða.

Skólanámskrá Sólvala sem og foreldrahandbók má [lesa hér á heimasíðu](#). Framundan er endurskoðun á skólanámskrá og foreldrahandbók.

¹ Lög um leikskóla 90/2008, 2. grein

Stefna og uppeldislegar áherslur

Leikskólinn leggur áherslu á að barnið sýni virðingu, beri ábyrgð og sé traust. Einnig leggur leikskólinn ríka áherslu á að börnunum líði vel og finni fyrir öryggi innan leikskólans.

Stefna Sólvallda er að barnið læri í gegnum leikinn og verði virkt og skapandi í námi sínu og starfi. Barnið er hvatt til að rannsaka og læra af eigin reynslu. Í gegnum daglegt starf öðlast barnið lífsleikni þar sem leikurinn er aðal námstæki leikskólans.

Skólastefna Grundarfjarðarbæjar nær til alls skólastarfs sveitarfélagsins. Hver skóli markar eigin skólastefnu í samræmi við lög, reglugerðir, námskrá og stefnu sveitarfélagsins. [Hér má lesa skólastefnu Grundarfjarðarbæjar](#) en árið 2023 verður hún endurskoðuð.

Einkunnarorð

Vinátta-Virðing-Vinsemd

Skólasýn

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að agi í skólum skal samrýmast mannlegri reisn barnsins og höfum við því valið okkur eftirfarandi leiðarljós til að vinna eftir

- Berum virðingu fyrir okkur
- Berum virðingu fyrir öðrum
- Berum virðingu fyrir umhverfi og eigum

Með virðingu að leiðarljósi sköpum við heildstæða og sjálfbæra einstaklinga.

Í leikskólanum er gengið út frá:

Að hvert barn fái notið hæfileika sinna og öðlist innri aga. Að barnið sýni góða hegðun af því að :”Hugurinn segir mér það”.

Markmið okkar eru

- Að barnið, foreldrar og starfsfólk séu ánægð og líði vel í leikskólanum.
- Að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist milli heimilis og skóla.
- Að starfsfólk sýni barninu virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengni með faglegum og ábyrgum vinnubrögðum.
- Að efla jákvæða sjálfsvitund, sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins þannig að það verði sjálfstæður einstaklingur.
- Að bjóða upp á fjölbreytt skapandi nám sem efli alhliða þroska barnsins, veki með því forvitni og örvi hugmyndaflug þess.

Megináherslur í starfi Sólvallda 2022-2023:

- Að innleiða uppeldi til ábyrgðar
- Að málörvun sé markviss í daglegu starfi
- Að Lubbi finnur málbein sé notaður á öllum deildum leikskólans
- Að leiknum og sjálfstæði nemenda sé gefið gott rými
- Móttaka og samskipti við börn í upphafi/lok dags

MAT Á STARFSÁÆTLUN

Hér á eftir fer mat á starfsáætlun skólaársins sem liðið er. Hver kafli er settur fram eins og hann birtist í starfsáætlun skólans í haust. Við lok hvers kafla kemur fram hvernig viðkomandi liður gekk, hvort áætlanir hafi gengið eftir og hvað má gera betur næst. Reitirnir eru litamerktir með grænum, ljósgrænum, gulum og rauðum.

	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir
	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Stoð- og sérfræðiþjónusta

Leikskólinn er með starfsmann sem sér um sérkennslu í 50% starfi. Sérkennarinn heldur utan um gögn og sinnir þeim börnum sem þurfa á þeirri þjónustu að halda. Einnig kemur til okkar sálfræðingur 1 sinni í mánuði og talmeinafræðingur sem kemur 1-2 sinnum í mánuði.

	Sérkennari hefur staðið sig vel í starfi og sinnt þeim málum sem viðkemur sérkennslu innan leikskólans. Talmeinafræðingurinn breytti aðeins viðveru sinni hér á leikskólanum og kom 2x í mánuði og var þá hálfan daginn í stað þess að koma 1x og vera allan daginn. Sálfræðingurinn sinnti sínu starfi og gat hún hjálpað börnum og starfsfólki vel. Það væri ótrúlega gott ef sálfræðingur gæti gefið sér auka tíma til að tala við þá starfsmenn sem vilja fá aðstoð hennar.
--	--

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi barna

Almennt eru settar inn tölur að hausti í starfsáætlun en vegna breytinga á stjórnun náðist ekki fyrr en í mars að klára þess starfsáætlun og því eru hér nýjustu tölur.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls
2018	6	5	11
2019	8	7	15
2020	5	2	7
2021	4	3	7
Fjöldi alls	23	17	40

1. september 2022	
Dvalargildi	712
Barngildi	66.8
Heimiluð stöðugildi m/barngildi	7.1

	Það urðu smá breytingar á barnahópnum inn á leikskólanum því um áramót þurfti að fara í snemmbúna aðlögun með 6 börn af Drekkadeildinni upp á Eldhamra þar sem langur biðlisti af eins árs börnum var um að komast inn á leikskólann. Einnig var tekin ákvörðun að fullnýta barngildið á Músadeildinni miða við 3 starfsmenn sem mega vera með 4 börn hver.
--	---

Starfsfólk

Hér má sjá sundurliðun eftir starfshlutfalli, menntun og stéttarfélagi:

Starfsfólk 1. september 2022:	Stöðugildi:	Stéttarfélag:
Leikskólastjóri	1	FSL, Félag stjórnenda í leikskólum
Aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri	1,25	FSL, Félag stjórnenda í leikskólum
Deildarstjóri, leikskólakennari	2	FL, Félag leikskólakennara
Deildarstjóri	2	
Leikskólakennari	0,5	FL, Félag leikskólakennara
Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed. í leikskólakennarafræðum	0,5	FL. Félag leikskólakennara

Leikskólaleiðbeinandi A, aðrar uppeldisgreinar, (BA í sálfræði)	0,5	FL, Félag leikskólakennara
Leikskólaliði	0	Kjölur
Leiðbeinendur	6,97	Kjölur
Matráðar	1	Kjölur
Leiðbeinandi afleysing v/veikinda og orlofs	1	Kjölur
Ræsting	1	Kjölur
Stöðugildi alls:	11,72	

	Þær breytingar sem áttu sér stað í starfsmannahópnum var að þær sem voru í fæðingarorlofi komu aftur til starfa um áramótin.
--	--

Fagmenntun miðað við stöðugildi:	Stöðugildi:	Fagmenntun í %:
Hlutfall kennara á deildum	2,5	
Hlutfall kennara (sérkennsla, sérkennslustjórn, leikskólastjóri og íþróttir):		

Starfsmannastefna

Leikskólinn leggur áherslu á að fá til sín fagmenntað starfsfólk fyrst og fremst. En leikskólinn er með starfsmenn sem hafa klárað faglega menntun og einnig er starfsfólk sem er í námi sem tengist leikskólakennarafræðum eða uppeldisfræðum. Við erum einnig með gott starfsfólk sem er ekki fagmenntað innanhúss.

Móttaka nýliða

[Móttökuáætlun starfsmanna er hér.](#)

Einn af stjórnendum skólans sér um móttöku og styður við nýja starfsmenn. Fundur með nýliðum á fyrstu dögum í starfi. Í móttökuáætlun er verkum skipt á milli skólastjórna og deildarstjóra.

	Móttaka nýrra starfsmanna gekk vel og þeir fengu leiðsögn og tækifæri til að komast vel inn í starfið og koma spurningum sínum áleiðis til stjórnenda. Einnig er til bæklingur sem nýjum starfsmönnum er afhentur með gagnlegum upplýsingum sem geta svarað spurningum þeirra.
--	--

Viðmið um mönnun

Leikskólinn hefur sett sér stefnu vegna grunnmönnunar, barngilda og verklag vegna faliðunar sem var samþykkt af bæjarstjórn í apríl 2022 sem má [lesa hér](#).

Miðað er við að áætla þurfi að lágmarki **1 stöðugildi** fyrir hver **8 barngildi** (4-8 börn) sem er þá grunnmönnun á deildum leikskólans.

*Aldur	1 árs og yngri	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
Börn á stöðugildi	4 börn = 1 stg	5 börn = 1 stg	6 börn = 1 stg	7 börn = 1 stg	8 börn = 1 stg
Barngildi	2	1.6	1.3	1.1	1

*Miðað við að hausti

Að jafnaði er því gert ráð fyrir eftirfarandi fjölda barna á hvern starfsmann hverju sinni, sem er þó mismunandi innan dagsins eftir verkefnum og samsetningu nemendahóps:

- 1 árs – 4 börn að jafnaði á hvern starfsmann
- 2 ára – 5 börn að jafnaði á hvern starfsmann
- 3 ára – 6 börn að jafnaði á hvern starfsmann
- 4 ára – 7 börn að jafnaði á hvern starfsmann
- 5 ára – 8 börn að jafnaði á hvern starfsmann

	Alla jafna náum við að uppfylla viðmið um mönnun á deildum leikskólans. Búið er að raða niður starfsfólki á haustin miða við þörfina með tilliti til barngilda.
--	---

Starfsþróunaráætlun

Með starfsþróun er átt við samfellt ferli sem miðar að því að auka og efla færni og þekkingu starfsmanns. Starfsþróunaráætlanir taka mið af starfsemi og markmiðum stofnunar og við mótun þeirra er stuðst við áherslur í starfi stofnunar, niðurstöður starfs- og hæfnigreiningar og umræðu í starfsmannasamtali.

Ábyrgðin hvílir bæði á vinnuveitanda og starfsmanni að því leyti að vinnuveitanda ber að skapa umgjörð og tækifæri til starfsþróunar en starfsmaðurinn þarf að vera meðvitaður um eigin styrkleika og veikleika og gera sér raunhæfa áætlun til framtíðar. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á brotthvarfi starfsmanns úr starfi.

Grunnur starfsþróunaráætlunar felst í því að tryggja að starfshæfni starfsfólks styðji við skólastefnu leikskólans, skólastefnu sveitarfélagsins og þá menntastefnu sem birtist í aðalnámskrá leikskóla og er það meginmarkmið starfsþróunaráætlunar.

Haustönn 2022

Heiti námskeiðs:	Þátttakendur:
Barnavernd	Allir starfsmenn
Samskipti á vinnustað t.d. Maður er manns gaman.	Allir starfsmenn
Vináttuverkefni Barnaheilla	Leiðbeinendur/Kennarar
Uppeldi til ábyrgðar	Allir starfsmenn

Vorönn 2023

Heiti námskeiðs:	Þátttakendur:
Endurmenntunarferð erlendis apríl 2023	Allt starfsfólk
ADHD	Sérkennari
Leikur/Skynjun/Opinn efniviður	
Málörvun	

Starfsþróunarsamtöl

Á þessu skólaári 2022-2023 ætlum við í fyrsta sinn að hafa snerpusamtöl. Snerpusamtölin eru 4 sinnum yfir skólaárið og dreifast þannig, september, desember, mars og júní, samtölin taka um 15 mínútur. Í samtölunum verður meðal annars rætt um starfsþróun og líðan. Hvort starfsfólk óski eftir breytingu í starfi m.a starfshlutfall eða flutning innan leikskólans. Fræðsluþarfir og almennt um frammistöðu að mati starfsmannsins.

	Sérkennari sótti sér námskeið um einelti og ADHD. Starfsmenn frestuðu endurmenntunarferð sinni erlendis um ár. Starfsfólk fékk öryggis- og brunaæfingu og gerð var ný rýmingaráætlun miða við það starfsfólk sem starfar innanhúss. Áætlunin hefði átt að ganga betur, en Grundarfjarðarbær er með ákveðnar hugmyndir af námskeiðum sem þau vilja að við förum á og hlustum á ákveðna fyrirlestra sem búið er að skipuleggja fyrir haustið 2023. Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl á þessu ári. Rætt var um líðan starfsmanna, næsta skólaár, hvernig fólk vill starfa og fleira.
--	---

Fundir og faglegar áherslur á skólaárinu

Starfsmannafundir eru 7 sinnum á ári í tvo tíma í senn frá kl. 16:15-18:15. Þar er farið yfir ýmis mál er varðar daglegt starf leikskólans, skýrslur og áætlanir skoðaðar. Stundum eru styttri námskeið eða tveir fundir sameinaðir. Deildarfundir og deildarstjórafundir eru 1 sinni í viku þ.e. hver deild fær einn fund í mánuði. Hver deild fær einn fund í mánuði og stjórnendafundir eru einnig einu sinni í mánuði.

Þá daga sem deildarfundir eru haldnir hjálpast starfsfólk á milli deilda að, t.d. með því að skipuleggja flæði eða í útiveru.

Starfsmannafundur 17. ágúst:

Viðfangsefni: Deildarnámskrár og dagskipulag - áframhaldandi vinna á skipulagi haustins.

Viðfangsefni: Brunavarnir

Starfsdagur 19. september

Viðfangsefni: Skólamálalæping - Farsæld í þágu barna

Starfsdagur 14. október

Viðfangsefni: Vinnudagur með Ásgarði??

Starfsmannafundur 19. október

Viðfangsefni: Barnavernd

Starfsmannafundur 16. nóvember

Viðfangsefni: Stór starfsmannafundur, skipulag og tiltekt.

Starfsdagur 1. janúar

Viðfangsefni: Leikskólastjóri með breytingar og áherslur sem þarf að taka gildi.

Skipulagsmálefni rætt

Starfsmannafundur 18. janúar

Viðfangsefni: Uppbyggingarstefnan

Starfsmannafundur 22. febrúar

Viðfangsefni: Innra starf og faglegt starf.

Starfsmannafundur 22. mars

Viðfangsefni: Stór starfsmannafundur, skipulag og tiltekt.

Starfsdagur 20. mars

Viðfangsefni: fundur færður til 19. apríl vegna endurmenntunar ferðar starfsfólks.

Starfsdagur 21. apríl

Viðfangsefni: Námsferð

Starfsmannafundur 10. maí

Viðfangsefni: Stór starfsmannafundur, skipulag og tiltekt.

Starfsmannafundur 14. maí

Viðfangsefni: Undirbúningur fyrir vorhátíð

	Fundaráætlun gekk eftir og sinntum við því sem átti að gera á hverjum fundi fyrir sig, fyrir utan starfs dagana sem áttu að fara í námsferðina fóru í annað. Stefnt er að því að fara í námsferð starfsmanna að ári.
--	--

Mat á skólastarfi

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Sjá nánar [Lög um leikskóla; VII. kafli. Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.](#)

Í vetur skólaárið 2022-2023 hefst vinna við endurskoðun á innra mati skólans, matsteymi skipað, unnin langtímaáætlun um innra mat; hvað er metið, hvernig, hvenær og hvernig unnið er að úrbótum. Unnir verða gátlistar um gæði leikskólastarfs byggðir á [gæðaviðmiðum Reykjavíkurborgar](#) sem eru notuð við ytra matsúttektir og skólastefnu sveitarfélagsins sem stendur til að endurskoða.

Gæðaviðmiðin verða innleidd á næstu árum og hefst vinnan á innleiðingu gæðaviðmiða í flokknum “innra mat”.

Gæðaviðmið leikskólastarf eru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- Stjórnun
- Uppeldis- og menntastarf
- Leikskólabragur
- Foreldrasamstarf
- Innra mat

Matsteymi (gæðaráð) var skipað í desember 2022 en það skipa:

Margrét leikskólastjóri, Hrafnhildur, Sigurborg og Áslaug frá starfsfólki Sólvala, Elísabet fulltrúi foreldra.

Teymið sér um **skipulag matsins** og ber ábyrgð á **framkvæmd** þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við ráðgjafa Ásgarðs.

Nánar um mat á skólastarfi má lesa á [heimasíðu skólans](#).

	Matsteymið hittist reglulega yfir árið á fundum í gegnum Teams og er okkur falið ákveðin verkefni til að sinna sem fulltrúar þessa teymis sem gengur vel.
--	---

Mat á námi og velferð barna

Í [skólanámskrá](#) bls. 16-18. Sérkennslustjóri heldur utan um fyrirlögn skimana. Lagt er fyrir Tras frá því að börnin eru 2,2 síðan eru þau endurtekinn á sex mánaðarfresti. Hljóm-2 er lagt fyrir alla nemendur á seinasta ári leikskólans, sú skimun fer fram á Eldhömrum að hausti og endurtekið ef þörf er á að vori. Aðrar skimanir eru lagðar fyrir í samvinnu við foreldra vegna einstakra nemenda ef áhyggjur vakna af þroskaframvindu þeirra.

Hvert barn á sína ferilmöppu sem er fyllt út einu sinni á ári af kennurum á deild barnsins og í framhaldi af því eru foreldrar boðaðir í viðtal. Hún inniheldur m.a. upplýsingar um þroska barna á hverju tímabili fyrir sig. Það eru settar skráningar af leik og starfi hjá barninu með ljósmyndum og listaverkum. Einnig eru settar myndir af ýmsum upþákomum af leikskólanum.

Markmið ferilmöppunnar er að efla samskipti á milli skóla og heimilis. Að kennarar og foreldrar geti betur fylgst með þroska barnsins og borið saman við þau viðmið sem eru kynnt í ferilmöppunni. Það auðveldara að séu gerðar ráðstafanir ef þroski barnsins fylgir ekki aldursviðmið.

Í leikskólanum er lögð mikil áhersla á gott og gagnlegt foreldrasamstarf. Það má með sanni segja að góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og kennara sé ein mikilvægasta forsenda þess að leikskóla dvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Foreldrar þekkja sitt barn best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Deildarstjórar bjóða upp á foreldrasamtöl að hausti, þar sem foreldrar og deildarstjóri eiga samtál um starfið og það sem framundan er. Allir foreldrar eru boðaðir í foreldrasamtal einu sinni á ári í afmælistánuði barnsins og oftast ef þörf er á. Þau börn sem eiga afmæli þegar sumarlokunin stendur, þeim er boðið í viðtal í maí á hvert. Foreldrar nýrra nemenda eru boðaðir í samtál hjá deildarstjóra áður en leikskólaganga hefst.

	Allt gekk eftir nema foreldrasamtöl að hausti. Það verður bætt úr því næsta haust og stefna deildarstjórar á að byrja taka foreldrasamtöl í september.
--	--

Mötuneyti

Hollur matur stuðlar að góðri heilsu og matur eldaður frá grunni.

Viðburðir

Yfir skólaárið er boðið upp á ýmsa viðburði, m.a. er foreldrakaffi, jólaföndur, þorrablot, litadaga og fleira skammtilegt sem gleður og gerir dagana fjölbreyttari.

Fréttabréf og heimasíða

Reglulega koma fréttir úr starfinu á [heimasíðu leikskólans](#) og einnig eru þar gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra. Fréttabréf eru yfirleitt send í tölvupósti til foreldra einu sinni í viku, oftast í vikulok. Þar eru myndir úr starfinu og stuttur texti um það helsta sem hefur verið gert í vikunni.

Foreldraráð

Samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal skipa foreldraráð við alla leikskóla. Foreldraráðið skal skipað þremur foreldrum að lágmarki. Kosning til foreldraráðs skal fara fram í september á hverju ári og skal kosið til eins árs í senn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um

skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfi. Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði.

Handbók foreldraráða [má lesa hér](#).

Stjórn foreldraráðs 2022 – 2023:

Katrín Elísdóttir

Elisabet Kristín Atladóttir

Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir

Reglur foreldraráðs má [sjá hér á heimasíðu](#).

Foreldrahandbók

[Hér má sjá foreldrahandbók](#) leikskólans þar sem eru allar helstu upplýsingar um leikskólann og hvað er gott að vita þegar barn byrjar skólagöngu sína á Sólveitum. Handbókin verður endurskoðuð fyrir skólaárið 2023-2024.

	Ný heimasíða er í vinnslu og vonandi verður hún tilbúin til notkunar eftir sumarfrí. Leikskólastjóri og deildarstjórar senda reglulega út póst á foreldra vegna fréttar sem við viljum koma til skila einnig er sendur út vikupóstur fyrir hverja deild á föstudögum. Mötuneytið er að blómstra með nýjum matráð og allir ánægðir. Viðburðir eru tilkynntir til foreldra og þau upplýst. Foreldrasamstarf gengur vel.
--	---

Samstarf við grenndarsamfélag

Á Sólveitum er lögð mikil áhersla á gott samstarf við alla í grenndarsamfélagi leikskólans og sveitarfélagsið allt.

Elstu nemendur fara í vinnustaðarheimsóknir, bókasafnið, klifurhúsið, hittingur með nemendum Eldhamra.

Samstarf Sólvala og Eldhamra

Gott samstarf á milli leikskólans og leikskóladeildarinnar á Eldhömrum sem starfar í húsnaði grunnskólans. Elstu nemendur fara í reglulegar heimsóknir yfir veturinn og nemendur af Eldhömrum koma hingað. Í lok skólaárs er tekin ein vika þar sem nemendur eyða stórum hluta vikunnar á Eldhömrum og eru sótt þangað.

Heilsugæslustöð

Leikskólinn er í samstarfi við hjúkrunarfræðing Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Grundarfirði. Hægt er að óska eftir aðstoð hjúkrunarfræðings en hann getur einnig haft aðkomu í teymisvinnu vegna barna á leikskólanum. Heilbrigðisstofnun boðar til og hefur umsjón með

ung- og smábarnavernd. Þegar börn eru boðuð í 4 ára skoðun fylla starfsmenn leikskólans út lista um þroska barnsins.

	Samstarf við Eldhamradeildina gekk vel, elsta deildin okkar fer til þeirra einu sinni í viku eða þau koma til okkar í heimsókn. Þetta samstarf gengur vel og börnin eru virkilega ánægð með þetta samstarf. Samstarfi við heilsugæsluna hefur ekki verið mikið nema það að það verður samtal milli stjórnenda og hjúkrunarfræðings eftir 4 ára skoðun barnanna. Grenndarsamfélagið hefur margt að bjóða. Við höfum ekki verið dugleg að gera mikið úr því, það má kannski skýrast að við erum komin með tvær ótrúlega ungar deildar innan leikskólans og það væru þá 4 ára börnin sem ættu að geta nýtt þetta og þetta er eitthvað sem þarf að laga og bæta fyrir næsta ár.
--	--

Öryggismál

Verkstjóri Áhaldahús sér um lóð leikskólans og allt minniháttar viðhald innan og utan húss. Verkstjóri sér einnig um að hringja til iðnaðarmenn í stærri verkefni. Árlegt öryggiseftirlit er frá heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Eldvarnaeftirlitinu og er skýrslum skilað eftir hverja úttekt. Öll slökkvitæki eru tekin í gegn og yfirfarin ár hvert af slökkviliði og sér umsjónarmaður eignasjóðs um það.

- Rýmingaráætlun er í leikskólanum og er hún kynnt fyrir öllu starfsfólki. Kennarar og skólastjórnendur standa fyrir brunaæfingu tvisvar á ári. Ný rýmingaráætlunar var gerð vor 2021 fyrir skólann í nýju og uppgerðu húsnæði. Áhættumat er endurskoðað ár hvert og er geymt á skrifstofu skólastjóra.
- Rekstrarskoðun á lóð og leiktækjum leikskólans er gerð árlega og hefur verkstjóri áhaldahús og leikskólastjóri umsjón með henni.
- Starfsfólk leikskólans sækir námskeið í skyndihjálpi á tveggja til þriggja ára fresti. Í leikskólanum eru sjúkragögn til að bregðast við fyrstu hjálpi og eru þau yfirfarin árlega og oftast ef þarf.
- Verði slys á börnum í leikskólanum eru þau skráð á sérstök eyðublöð og skráningar teknar saman í lok hvers árs. Ef alvarleg slys eiga sér stað ber að tilkynna þau til lögreglu og lögregluskýrsla gerð í framhaldinu. Lögregluskýrsla er varðveitt hjá lögreglu en skólastjórnandi fær afrit óski hann þess.
- Verði slys á starfsfólki á vinnutíma sem hafa í för með sér fjarveru frá vinnu eru þau skráð á slysaskráningarblöð leikskólans og tilkynnt til Vinnueftirlitsins.

Öryggisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Í öryggisnefnd sitja:

Áslaug Stella Steinarsdóttir

Sigurborg K. Ólafsdóttir

Öryggisnefndin er í samstarfi við slökkviliðsstjóra og umsjónarmann fasteigna og starfar öryggisnefndin eftir ákveðinni stefnu sem sett er.

Einnig eru æfingar í rýmingu á leikskólanum og samstarfi við slökkvilið Grundarfjarðar.

Ný rýmingaráætlun er í vinnslu núna og verður kynnt og birt fyrir sumarfrí.

Skóladagatal

Starfsáætlun nemenda birtist fyrst og fremst í skóladagatali leikskólans. Skóladagatal er birt á heimasíðu skólans að vori - leikskólastjóri gerir tillögu að skóladagatali, ber undir foreldraráð og að lokum er skóladagatal staðfest í skólanefnd. Skóladagatal er sent í tölvupósti til allra foreldra að hausti og aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Leikskólinn Sólvellir

Eftir afgreiðslu skólanefndar 4. júlí 2022

ÁGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1. M Fréttar ávarðunarmenn	1. F	1. L	1. Þ	1. F Fúlbúðisdagurinn	1. S Húsdagur	1. M	1. M	1. L	1. M Húsbúðisdagurinn	1. F
2. Þ Samelli	2. F	2. S	2. M	2. F	2. M Húsdagur	2. F	2. F	2. S	2. Þ Húsbúðisdagur	2. F
3. M Samelli	3. L	3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. F	3. M	3. M	3. L
4. F Samelli	4. S	4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. L	4. L	4. Þ	4. F	4. S Sóknarskóladagurinn
5. S Samelli	5. M	5. L	5. M	5. F	5. S	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M
6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. Þ	6. F Húsbúðardagurinn	6. M Dagur skólabarna	6. M	6. F Húsdagur	6. L	6. Þ
7. S	7. M	7. F	7. M	7. F	7. L	7. Þ Dagur hristarabarnanna	7. Þ	7. F Húsbúðardagurinn lengi	7. S	7. M
8. M Samelli	8. F Dagur barna	8. L	8. Þ Húsdagurinn gagnið er	8. F	8. S	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F
9. Þ Húsdagur	9. F	9. S	9. M	9. F	9. S	9. F	9. F	9. S Húsdagur	9. Þ Húsbúðardagurinn	9. F
10. M Leikskólinn sýnir M.L.B.	10. L	10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. F	10. M Annar jólabólinn	10. M Húsbúðardagurinn	10. L
11. F	11. S	11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. L Dagur bláa bláa bláa	11. L	11. Þ	11. F Húsbúðardagurinn	11. S
12. F	12. M	12. F	12. L	12. M	12. F	12. S	12. S	12. M	12. F	12. M
13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. M	13. M	13. F	13. L	13. Þ
14. S	14. M Húsbúðardagurinn	14. F Húsdagur	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. Þ Dagur skólabarna	14. F	14. S	14. M Húsbúðardagurinn
15. M	15. L	15. M	15. F	15. S	15. Þ	15. F	15. M Húsbúðardagurinn	15. M Húsbúðardagurinn	15. L	15. M
16. Þ	16. F Dagur skólabarna	16. S	16. M Húsbúðardagurinn	16. F	16. M	16. F	16. F	16. S	16. Þ	16. F
17. M Húsbúðardagurinn	17. L	17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. F	17. M	17. L	17. M Húsbúðardagurinn
18. F	18. S	18. Þ	18. F Kví	18. S	18. M Húsbúðardagurinn	18. L	18. L	18. Þ	18. F Húsbúðardagurinn	18. S
19. F	19. M Húsdagurinn - Húsbúðardagurinn	19. L Húsbúðardagurinn	19. M	19. F	19. S	19. S Húsdagurinn	19. S	19. M	19. F	19. M
20. L	20. Þ	20. F	20. S Dagur skólabarna	20. Þ	20. F	20. M Húsdagurinn	20. M Húsdagurinn	20. M Húsdagurinn	20. F Húsbúðardagurinn	20. L
21. S	21. M	21. F	21. M	21. L	21. Þ	21. F Húsbúðardagurinn	21. F Húsbúðardagurinn	21. F Húsbúðardagurinn	21. S Húsbúðardagurinn	21. M
22. M	22. F	22. S Húsbúðardagurinn	22. Þ	22. F	22. S	22. M Húsdagurinn	22. M	22. L	22. M	22. F
23. Þ	23. F	23. S	23. M	23. F	23. L Húsbúðardagurinn	23. M	23. F	23. F Húsbúðardagurinn	23. S	23. F
24. M	24. L	24. M	24. F Húsbúðardagurinn	24. S	24. Þ	24. F	24. F	24. M	24. L	24. M
25. F	25. S	25. Þ	25. M	25. F	25. L Húsbúðardagurinn	25. M	25. L	25. L	25. Þ	25. F Húsbúðardagurinn
26. F	26. M Húsbúðardagurinn	26. M	26. L	26. M	26. F Húsbúðardagurinn	26. F	26. S	26. S	26. M	26. M
27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. F Húsbúðardagurinn	27. F	27. M	27. F	27. L	27. M
28. S	28. M Húsbúðardagurinn	28. F	28. M	28. L Húsbúðardagurinn	28. M	28. L	28. Þ	28. Þ	28. F Húsbúðardagurinn	28. M
29. M	29. F	29. S	29. Þ	29. M	29. F Húsbúðardagurinn	29. S	29. M	29. L	29. M Húsbúðardagurinn	29. F
30. Þ	30. M	30. L	30. M	30. F Húsbúðardagurinn	30. S	30. M Húsbúðardagurinn	30. F	30. S	30. M	30. F
31. M				31. L Húsbúðardagurinn	31. Þ			31. F	31. M	

Smelltu hér til að opna skóladagatal 2022-2023 á heimasíðu leikskólans.

Sérstakir dagar

- Vinastundir
- Baráttudagur gegn einelti
- Bókavika
- Foreldrakaffi
- Jólástund
- Dótdagur
- Þorablót

- Sólarpönnukökur
- Dagur leikskólans
- Tannverndarvika
- Bolludagur
- Sprengidagur
- Öskudagur
- Myndlistarsýning
- Lambaferð
- Útskrift elstu barna
- Hjóladagur
- Sulludagur

	Skóladagatalið stóðst sem samþykkt var að skólanefnd. Nýtt skóladagatal er samþykkt af skólanefndinni fyrir 2023-2024 og eru þar starfsdagar og einnig lokanir sem við ætlum að framkvæma til að koma á móts við styttingu starfsmanna. Þá erum við að tala um lokun milli jóla og nýárs, 2. janúar og 3 daga í páskavíkunni.
--	---

Lokaorð

Starfsáætlun er öflugt tæki fyrir leikskólann og að hún sé uppfærð á hverju ári. Einnig er þetta gott skipulag og upplýsingar í starfsáætluninni er gott tæki fyrir foreldra að leita í ef það vakna spurningar varðandi eitthvað sem viðkemur leikskólanum.

Einnig vil ég taka það fram að foreldrum er velkomið hvenær sem er að tala við leikskólastjóra eða starfsmenn leikskólans. Við viljum hafa góð samskipti milli heimilis og skóla og því ganga þannig samskipti best þegar báðir aðilar geti talað saman og átt góð samskipti um hag barns að leiðarljósi.

Margrét Sif Sævarsdóttir

Leikskólastjóri

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráðs leikskólans skipa:

Katrín Elísdóttir

Elisabet Kristín Atladóttir

Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir

Hlutverk foreldraráðs Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla, nr. 90/ 2008, er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Gátlisti:

A. Kemur fram með fullnægjandi hætti	B. Kemur fram með ófullkomnum hætti	C. Kemur ekki fram
--------------------------------------	-------------------------------------	--------------------

Koma fram upplýsingar um barnahópin þ.e. áætlun um fjölda barna?	A	B	C
Koma fram upplýsingar um fjölda starfsmanna og stöðugilda?	A	B	C
Kemur fram með skýrum hætti upplýsingar um símenntunaráætlun / starfsþróunaráætlun leikskólans?	A	B	C
Kemur fram stefna skólans ásamt áherslum og markmiðum komandi árs?	A	B	C
Kemur fram hvaða þætti skal meta komandi skólaár og hvaða umbótaferli verða unnin eftir fyrirbyggjandi mat	A	B	C
Koma fram skýrar upplýsingar um foreldraráð, áætlaða foreldrafundi og foreldraviðtöl?	A	B	C
Kemur fram með skýrum hætti hvernig leikskólinn hyggst vinna að samstarfi við grenndarsamfélagið s.s. grunnskóla?	A	B	C

Kemur fram með skýrum hætti hvernig samstarfi er háttað við stoðþjónustukerfi bæjarins?	A	B	C
Skóladagatal?	A	B	C